

II6

16. nóvbr.

Auglýsing

um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnaskóla.

Alþingi 1889 hefur ályktað, að barnaskólum í sjóþorpum og verzlunuarstöðum öðrum en kaupstöðum skuli því að eins veitast styrkur úr landssjóði, að þeir fullnægi skilyrðum þeim, sem hjer segir:

- 1, að kennt sje auk kristindóms og lesturs: skript, reikningur, rjettritun, meginatriði landafræðinnar, einkum Íslands og helztu grundvallaratriði náttúrufræðinnar (svo sem um byggingu líkama mannsins, lopt, hita og þyngd) samkvæmt reglugjörð, er stipsyfírvöldin samþykkja;
- 2, að skólinn standi ekki skemur en 6 mánuði, og að minnsta kosti 12 nemendur njóti þar tilsagnar allan skólatímamann og gangi undir árspróf í öllum þeim námsgreinum, sem skylt er að kenna samkvæmt reglugjörð skólans;
- 3, að við lok hvers skólaárs sje haldið opinbert próf yfir börnum þeim, er kennslunnar hafa notið. Prófdómendur sjeu hlutadeigandi sóknarprestur og annar maður, er sóknarnefndin kýs, og taki þeir til spurningarnar við prófið;
- 4, að skólinn njóti jafnmikils styrks annarstaðar frá og þess, er honum veitist úr landssjóði;
- 5, styrkbeiðslum frá skólunum skal jafnan fylgja nákvæm skýrsla um árspróf skólans, svo og endurrit af síðasta ársreikningi um tekjur hans og gjöld.

Umsóknarbrjef um styrk úr landssjóði til barnaskóla eiga að vera stýluð til landshöfðingja og send stipsyfírvöldunum svo tímanlega, að þau sjeu komin til þeirra fyrir lok júnímánaðar ár hvert, og eiga þeim að fylgja nákvæmar skýrlur og vottorð um öll þau atriði, sem tilgreind eru hjer að framan. Styrkurinn veitist einkum eptir kennslutíma og nemendafjölda.

Þetta er hjer með kunngjört almenningi til leiðbeiningar.

Reykjavík 16. nóvbr. 1889.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

_____ Hannes Hafstein

STYRKUR ÚR LANDSJÓÐI

samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1888 og 1889.

10. gr. C. 4 e.

Eptirnefndum búnaðarfélögum í Norður- og Austuramtinu veittur þessi styrkur fyrir árið 1889:

1, búnaðarfjelagi	Hjaltastadahrepps	29 kr. 35 a.
2, — —	Fljótdalshrepps	46 — 80 -
3, — —	Hlíðarhrepps	27 — 77 -

10. gr. C. 5. b.

Veittar 22 kr. 50 a. til aðgjörðar á aðalpóstleiðinni um Seiluhrepp.

Veittar 2 kr. 50 a. til aðgjörðar á brú á aðalpóstleiðinni um Mosfellssveit.

Veittar 250 kr. til vegagjörðar og viðhalds á jökulvegi yfir jökulinn á Breiðamerkursandi.

EMBÆTTISSKIPUN

3. nóvbr. var embættið sem ritari við landshöfðingjadæmið veitt af hans háting konunginum settum landritara cand. jur. H a n n e s i H a f s t e i n.